

## Fundargerð 454

Föstudaginn 22. september 2017 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Ártorgi 1 á Sauðárkróki. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Illugi Gunnarsson stjórnarformaður (IG), Einar E. Einarsson (EE), Ingunn Guðmundsdóttir (IGu), Karl Björnsson (KB), Raket Óskarsdóttir (RÓ) og Sigríður Jóhannesdóttir (SJ). Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Arnar Már Elíasson forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Sigurður Árnason (við dagskrárlið nr. 4), Anna Lea Gestsdóttir (við dagskrárlið 6) og Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl 10:00 og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2017
3. Fundargerðir lánanefndar
4. Aflamark Byggðastofnunar
5. Byggðaaðgerðir í Noregi – til upplýsingar
6. Samanburður fasteignagjalda 2017 - til upplýsingar
7. Önnur mál
8. Næsti fundur

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður lagði fram fundargerðir tveggja síðustu funda, nr. 452 og nr. 453 og voru þær samþykktar án athugasemda og dreift til undirritunar.

### 2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2017

AÞ fór yfir stöðu verkefna og rekstrar samkvæmt starfsáætlun. AÞ vakti athygli á erlendum verkefnum sem Byggðastofnun tekur þátt í. Rætt var um stöðu byggðaaætlunar í ljósi vendinga í stjórn landsmála, ólíklegt má telja að hún komist á dagskrá þings fyrir áramót. Rætt var um stöðu aflamarks Byggðastofnunar, sem og málefni sauðfjárþænda. Rætt um málefni atvinnuþróunarfélaganna. AÞ sagði frá því ... og vinnu við greinargerð um réttarstöðu Byggðastofnunar vegna fasteigna á Seyðisfirði og krafna Seyðisfjarðarbæjar á stofnunina í tengslum við þær.

### 3. Fundargerðir lánanefndar

AME fór yfir fundargerðir lánanefndar.

*Fundargerð lánanefndar nr. 28/17*

...

Fundargerðin staðfest.

*Fundargerð lánanefndar nr. 29/17*

...

Fundargerðin staðfest.

*Fundargerð lánanefndar nr. 30/17*

...

Fundargerðin staðfest.

*Fundargerð lánanefndar nr. 31/17*

Fundargerðin staðfest.

#### **4. Aflamark Byggðastofnunar**

Sigurður Árnason kom á fundinn og gerði grein fyrir minnisblaði um stöðu samninga um aflamark Byggðastofnunar og framhaldinu varðandi nýja samninga og áform um breytingar.

Fundi frestað kl. 12:00

Fundur hófst aftur kl. 12:45. Liður nr. 6 var tekinn fram fyrir á dagskrá.

#### **5. Byggðaaðgerðir í Noregi – til upplýsingar**

AÐ gerði grein fyrir grein fyrir skýrslu um ferð sem hann og forstöðumaður þróunarsviðs, auk starfsmanns samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, fóru til Noregs til að kynna sér aðgerðir Norðmanna í byggðamálum. Skýrslan verður birt á heimasíðu Byggðastofnunar.

#### **6. Samanburður fasteignagjalda 2017 - til upplýsingar**

Anna Lea Gestsdóttir kom á fundinn og gerði grein fyrir skýrslu þróunarsviðs um þróun fasteignamats og samanburð fasteignagjalda 2017

ALG fór af fundi

#### **7. Önnur mál.**

Formaður gerði grein fyrir vandamálum við viðbrögð stjórnvalda við vanda sauðfjárbænda. Hlutverk Byggðastofnunar gæti aukist. Stjórnarmenn ræddu vanda sauðfjárbænda og voru sammála um að staða landsmála væri erfið og takmarkaði mögulegar aðgerðir.

...

Fleiri mál voru ekki rædd og formaður sleit fundi kl. 14:20

Hjalti Árnason, fundarritari

Næsti fundur verður haldinn 26. október 2017
